

Ed. 236. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1948, um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1949“ í niðurlagi 1. gr. komi: Á árinu 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er framtalsnefnd falið að annast álagningu eignaaukaskatts. Gert var ráð fyrir í lögnum að eignaaukaskatturinn yrði lagður á á árinu 1948. Framkvæmd eignakönnunarinnar hefur reynzt það tafsöm, að eigi var unnt að byrja á álagningu eignaaukaskattsins á því ári, enda framlengdi síðasta Alþingi frestinn til ársloka 1949. Nú hefur komið í ljós, að eigi verður unnt að ljúka álagningu skattsins á þessu ári og verður því nauðsynlegt að Alþingi framlengi álagningarfrestinn til ársloka 1950.

Eignakönnunarframtölin bárust ekki framtalsnefnd fyrir en seint á árinu 1948 eða eftir að yfirskattanefndir höfðu yfirfarið þau. Í árslok 1948 varð svo að senda framtölin aftur til skattanefnda og skattstjóra til samanburðar á framtölum 1949. Hefur þetta orðið til þess að tefja fyrir útreikningi eignaaukaskattsins, sem reynist vera mjög erfiður og vinnufrekur í framkvæmd. Enn fremur var ekki hægt að nota eignakönnunarframtölin, fyrir en endanlega var gengið frá þeim eftir samanburð ýmissa gagna.